

# Vistfræðifélag Íslands – fréttabréf

25. febrúar 2011

Kæru félagar,

Liðnir eru liðlega fimm mánuðir frá síðasta fréttabréfi og á þessum mánuðum hefur ýmislegt gerst í starfi þessa unga félags. Hér kemur stutt yfirlit yfir það ásamt hugmyndum um starfsemina framundan. Nánara yfirlit verður síðan gefið á aðalfundi sem verður í næsta mánuði (sjá nánar hér fyrir neðan).

## Úr starfinu

### *Ráðstefna um líffræðilega fjölbreytni*

Sameinuðu þjóðirnar helguðu árið 2010 líffræðilegri fjölbreytni (biodiversity) og í tilefni af því stóðu Vistfræðifélagið og Líffræðifélagið að eins dags ráðstefnu þann 27. nóvember um rannsóknir á því sviði hér á landi með styrk frá umhverfisráðuneytinu og Gróció. Ráðstefnan spannaði afar vítt svið varðandi búsvæði (sjó, ferskvatn, land), lífverur (hryggleysingja, fiska, fugla, spendýr, sveppi, fléttur, þörungur, mosa og háplöntur), skipulagsstig (erfðabreytileika, tegundir, stofna og vistkerfi) og áhrif mannsins (náttúrleg og manngerð vistkerfi). Það var spennandi að leiða þessa fjölbreytni saman og ánægjulegt að sjá hvað íslenskir rannsóknarhópar eru að nálgast líffræðilega fjölbreytni á fjölbreyttan hátt. Ráðstefnan þótti takast mjög vel. Þau ykkar sem ekki áttu kost á að sækja ráðstefnuna getið kynnt ykkur ágrip erinda og veggspjalda [hér](http://vistis.is/radstefnur/radstefna-um-liffraedilega-fjolbreytni-2/): <http://vistis.is/radstefnur/radstefna-um-liffraedilega-fjolbreytni-2/>

### *Vefsíða*

Í tengslum við ráðstefnuna var ráðist í að koma upp vefsíðu. Síðan er að komast í varanlegra form og er slóðin [vistis.is](http://vistis.is). Það er mikil vinna að halda utan um svona síðu ef vel á að vera og hefur sú vinna öll mætt á vefstjóra félagsins Guðrúnu Láru Pálmadóttur. Mikilvægt er að móta skýra stefnu varðandi notkun síðunnar og mun stjórnin leggja fram tillögur um það á aðalfundi félagsins.

### *Innheimta félagsgjalda*

Sendir voru út greiðsluseðlar vegna félagsgjalda í einkabanka félagsmanna í byrjun desember þar sem það var mun ódýrara en prentaðir greiðsluseðlar. Flestir eru búnir að greiða. Við biðjum aðra að gera það hið fyrsta.

### *Vinnuhópar*

Tveir vinnuhópar eru stafandi um vistfræðileg málefni sem ofarlega eru baugi í þjóðfélaginu. Annar þeirra fjallar um svokallaða varga og nýtingu nytjastofna, en ákveðið var að fjalla um allt þetta í einum hópi til að byrja með. Ýmislegt fræðslu- og upplýsingaefni fyrir almenning er þar í undirbúningi. Hinn hópurinn tekur fyrir ágengar framandi lífverur og hyggst einnig beita sér fyrir fræðslu almennings. Auk þess hefur hópurinn ásamt stjórn félagsins beitt sér fyrir blaðaskrifum í framhaldi af umsögn stjórnar um drög að frumvarpi til breytinga á náttúruverndarlögum. Eins og flestum er kunnugt er frumvarpið umdeilt,

einkum það sem snýr að auknu eftirliti með innflutningi framandi lífvera. Hafa stjórn Vistfræðifélagsins og vinnuhópur um ágengar framandi lífverur lagt áherslu á fræðslu um nauðsyn lagasetningar um þessi efni.

#### *Umsögn stjórnar um lagafrumvarpsdrög*

Í umsögn sinni um ofangreind lagafrumvarpsdrög fagnaði stjórn Vistfræðifélagsins grundvallaratriðum frumvarpsins, sem snúa að akstri utan vega, sérstakri vernd náttúrufyrirbæra og innflutningi lifandi framandi lífvera, og telur það vera skref í átt að samræmingu íslenskrar löggjafar við löggjöf vestrænna nágrannaríkja og þá alþjóðasamninga og verkefni sem Ísland er aðili að. Umsögnina má lesa á heimasíðu félagsins.

#### **Starfið framundan**

##### *Aðalfundur*

Boðað verður til aðalfundar laugardaginn 26. mars, en kveðið er á um dagskrá aðalfundar í lögum félagsins sem má nálgast á heimasíðunni. Tillögur um lagabreytingar verða að berast stjórn með góðum fyrirvara en í allra síðasta lagi tveim vikum fyrir aðalfund. Kjósa á tvo fulltrúa í stjórn. Nánari upplýsingar um staðsetningu og tíma koma með aðalfundarboði.

##### *Skoðunarferðir*

Stefnt er að því að setja upp dagskrá fyrir skoðanaferðir á vegum félagsins í vor þar sem boðið verður upp á stuttar kvöldgöngur og heilsdagsferðir. Við hvetjum félagsmenn til að koma hugmyndum til stjórnar. Þó nokkuð margir félagsmenn eru starfandi utan höfuðborgarsvæðisins, en það útilokar ekki hugmyndir um ferðir út frá þeim starfsstöðum. Hingað til hefur stjórnin rætt um kvöldgöngu í friðlandi í Flóa, um hraunið á Þingvöllum og heilsdagsferð um Snæfellsnes. Þá hefur komið upp sú hugmynd að félagið standi fyrir vistfræðilegri ferð til Galapagos og gæti það orðið spennandi markmið fyrir 2012 eða seinna.

##### *Ráðstefna / málþing*

Það er stefna stjórnar að standa að einni ráðstefnu eða málþingi ár hvert. Við auglýsum eftir hugmyndum fyrir haustið.

##### *Vinnuhópar*

Þeir hópar sem þegar hafa verið settir á laggirnar munu starfa eitthvað áfram. Við hvetjum félagsmenn til að koma með fleiri hugmyndir. Auk almenningsfræðslu mætti hugsa sér einnig vinnuhópa á vegum félagsins á fræðilegri nótum sem gætu t.d. orðið aðdragandi að fræðilegri ráðstefnum og/eða greinaskrifum.

Með kveðju,

Stjórn Vistfræðifélags Íslands.